



# Um Innnes.

Stofnað 23.mars 1987

Í 100% eigu Dalsness ehf., sem er í eigu Ólafs Björnssonar

Ársvelta Innness 2014, 5.173.000 kr.

Við erum leiðandi og einn stærsti matvælaheildsali landsins með Búr, samtals 23.000 tonn.

Einbeitum okkur að hágæðamatvöru.

Flest öll okkar vörumerki eru markaðsleiðtogar.

Starfsmannafjöldi er 170 með Búr.

# Nokkur af vörumerkjum Innnes



## Biðin langa

- Innnes er, núna árið 2015, enn með óuppgerð mál við bankakerfið vegna fjölda lánasamninga, sem allir voru teknir löngu fyrir hrun.
- Einhverjir þeirra hafa verið gerðir upp með fyrirvara og endurfjármagnaðir og fyrirtækið er þá í óvissu um hvernig fer með þau lán, en önnur lán eru enn virk. Fyrirtækið hefur þurft að fara í málaferli af þessum sökum, þar sem verulegir hagsmunir eru í húfi.
- Sá tími sem farið hefur í það hjá bankakerfinu að yfirfara lán félagsins er mjög langur og svör hafa verið ruglingsleg. Sérstaklega hefur þetta átt við um afstöðu til fullnaðarkvittana, þ.e. hvort samningsbundnir vextir af lánasamningum hafi verið gerðir upp á tímabilinu frá því að lán var tekið og þar til það var metið ólöglegt og hvort fyrirtækið geti byggt á fullnaðarkvittunum.

## Orð og efndir bankans

- Innnes var með flest sín lán hjá Landsbankanum og hafa því verið mest samskipti við þann banka.
- Árið 2012 birtist yfirlýsing á vefsíðu Landsbankans þess efnis að slík lán yrðu gerð upp með hliðsjón af fordæmi Hæstaréttar í svonefndu Borgarbyggðarmáli, þar sem fallist var á að sveitarfélagið Borgarbyggð gæti byggt á fullnaðarkvittunum við uppgjör á lánasamningum við Sparisjóð Mýrarsýslu, síðar Arion banka.
- Tekjur sveitarfélagsins Borgarbyggðar voru mjög áþekkar tekjum Innness, þótt starfsemi sé ólík. Töldum við borðleggjandi að að lán Innness féllu þarna undir.
- Allt árið 2013 var svo beðið eftir svörum. Tengiliðir okkar í bankanum gáfu okkur ítrekað þau svör að nú færi alveg að koma að okkar málum, fyrirtækið væri næst í röðinni og þar fram eftir götunum. En ekkert gerðist.

## Aðstöðumunur eða ekki?

- Það var svo ekki fyrr en liðið var vel á árið 2014 að loks berst svar þess efnis að Innnes fái að mati bankans ekki notið þessara fullnaðarkvittana og var vísað til fordæmis Hæstaréttar í máli Haga gegn Arion banka en þar töldust Hagar ekki vera í aðstöðumun gagnvart bankanum m.a. vegna veltu sinnar og stærðar. Innnes var sett í sama flokk sem kom okkur verulega á óvart.
- Innnes hefur stækkað hratt en var mun minna fyrirtæki þegar lánin voru tekin.
- Við tóku svo málaferli af hálfu Innnes sem standa enn yfir og fyrirséð er að munu dragast nokkuð á langinn.



## Ólík meðferð sambærilegra samninga

- Viku eftir að Innnes hafði stefnt bankanum inn, barst bréf frá bankanum vegna uppgjörs á tveimur fjármögnunarleigusamningum sem Innnes hafði verið með, upphaflega við SP Fjármögnun og síðar fóru þeir samningar til Landsbankans og höfðu verið metnir með ólögumæta gengistengingu.
- Út á hvað gekk bréfið? Jú, að gert yrði upp við Innnes og fyrirtækið nyti fullnaðarkvittana á vexti!
- Þarna reynir á nákvæmlega sömu atriðin varðandi þetta mat og í öðrum lánnum, þ.e. hvort Innnes sé í aðstöðumun gagnvart lánveitanda.

## Atvinnulífið í óvissu

- Innnes er ekki eina fyrirtækið í þessari stöðu. Auðvitað ólíðandi að atvinnulífið búi við þessa óvissu og mál þess séu látin sitja á hakanum misserum og árum saman, þvert á eigin yfirlýsingar bankanna.
- Skapar óvissu og mörg fyrirtæki sjálfsagt í þeirri stöðu að eiga mikið undir því hvort þau teljist hafa verið í „aðstöðumun“ við sinn banka en inntakið í því hugtaki virðist vera mjög óljóst.



# Takk fyrir.

